

Fundargerð

Fimmtudaginn 29. október 2009 kl. 10:30 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009**
- 2. Héraðsskjalasafnið**
- 3. Samningar byggðasamlagsins**
- 4. Atvinnumál**
- 5. Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009

Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram. Umræður urðu um áætlunina. Framkvæmdastjóra falið að lagfæra áætlunina með hliðsjón af þeim athugasemdum sem bárust.

2. Héraðsskjalasafnið

Héraðsskjalavörður mætti á fundinn.

Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi safnsins sem stjórnin þarf að taka tillit til í tengslum við fjárhagsáætlunargerð 2010. Er þar m.a. um að ræða viðhald eignarinnar. Einnig kynnti hún hugmyndir um aukið starfshlutfall.

Samþykkt að setja uppl.skilti á hús héraðsskjalasafnsins. Héraðsskjalaverði falið að leita til byggingarfulltrúa með útfærslu á skiltamerkingum.

Samþykkt að þétta og lagfæra hurð á geymslu Héraðsskjalasafnsins.

Umhverfi safnsins og gerð skjólveggs er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2010.

Beiðni um aukið starfshlutfall er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2010.

Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins að kynna sér rekstur sambærilegra safna og kanna forsendur þess að auka starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafnsins.

3. Samningar byggðasamlagsins

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

Kynntir leigusamningar milli byggðasamlagsins og aðila sem eru til húsa í Kvennaskólanum.

4. Atvinnumál

Framkvæmdastjóri og formaður gerðu grein fyrir stöðu gagnavers á Blönduósi.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:45